



## HAUSTRÁÐSTEFNA 2025

Föstudaginn 7. nóvember á Nordica Hótel, 2. hæð

- 8:15**                    **Skráning hefst**
- 9:00 – 9:05**            **Ráðstefnan sett**  
*Kristrún Helga Ingólfssdóttir, formaður FLE*
- 9:05 – 9:50**            **Niðurstöður rannsóknar fyrir FLE um það hvernig megi laða að ungt og hæfileikaríkt fólk til starfa við endurskoðun**  
*Valdimar Sigurðsson, prófessor við Háskólann í Reykjavík*
- 9:50 – 10:20**        **Veiting gullmerkis FLE, morgunhressing og afmæliskaka**
- 10:20 - 11:20**        **Hlunnindi og fríðindi með fyrirvara**  
*Guðbjörg Þorsteinsdóttir, lögmaður og meðeigandi hjá Deloitte Legal ehf.*
- 11:20 - 11:30**        **Kaffihlé**
- 11:30 - 12:30**        **Samskiptafærni og góð tjáning á vinnustað – á tímum rafrænnar einveru**  
*Sirry Arnardóttir, stjórnendabjálfi og fjölmiðlakona*
- 12:30 – 13:15**        **Hádegisverður**
- 13:15 - 14:15**        **Netöryggismál - hvernig samfélagið er öflugasta varnarlinan**  
*Theódór Ragnar Gíslason, framkvæmdastjóri Defend Iceland*
- 14:30**                    **Aðalfundur FLE**

Ráðstefnan kostar **46.500** kr. og er eingöngu opin fyrir félagsmenn í FLE og starfsmenn endurskoðunarfyritækja. Hádegisverður er innifalinn í verðinu.

Ráðstefnan gefur samtals fimm einingar samkvæmt reglum um endurmenntun endurskoðenda. Allir þátttakendur fá tvær einingar í flokknum *endurskoðun*, eina einingu í flokknum *skattamál og félagaréttur* og tvær einingar í flokknum *siðareglur og fagleg gildi*.

**Vinsamlegast skráið þátttöku ykkar á vef Félags löggiltra endurskoðenda [www.fle.is](http://www.fle.is) eigi síðar en kl. 12:00 þann 5. nóvember.**



Félag löggiltra endurskoðenda

## Hlunnindi og fríðindi með fyrirvara

Fjallað verður um helstu reglur sem gilda um hlunnindi starfsmanna í skattalegu tilliti og tekin fyrir fordæmi úr úrskurða- og dómaframkvæmd.

### **Umsjón:** Guðbjörg Þorsteinsdóttir



Guðbjörg er lögmaður og meðeigandi hjá Deloitte Legal ehf. Hún hefur yfir 17 ára reynslu á sviði skattaréttar fyrir innlenda og erlenda viðskiptavini í margvíslegum atvinnugreinum. Þá hefur Guðbjörg jafnframt sinnt kennslu og haldið námskeið á sviði skattaréttar á ýmsum vettvangi.

## Samskiptafærni og góð tjáning á vinnustað – á tímum rafrænnar einveru

Fjallað verður á léttan og hagnýtan hátt um það hvað felst í samskiptafærni og hvernig við getum notið okkar enn betur í mannlegum samskiptum á vinnustað.

Nú á tímum nettrölla, rafrænnar einveru og gervigreindar er gott að hafa „verkfæri“ til að ná betur í gegn í samskiptum og sýna sínar bestu hliðar. Fyrirlestur og umræður. Byggt m.a. á bókinni „Betri tjáning – örugg framkoma við öll tækifæri“ eftir Sirrý.

### **Umsjón:** Sirrý Arnardóttir



**ÖRUGG  
FRAMKOMA  
VIÐ ÖLL  
TÆKIFÆRI!!**

VERÖLD

Sirrý er stjórnendapjálfari og fjölmiðlakona. Hún hefur áralanga reynslu af því að þjálfa stjórnendur í öruggri tjáningu og samskiptum við fjölmiðla. Hún hefur kennt við Háskólann á Bifröst síðan 2008. Menntuð í félags- og fjölmiðlafræði frá HÍ. Sótti framhaldsmenntun til

bandarískrar fjölmiðlasamsteypu og á að baki 30 ára farsælan feril sem þáttastjórnandi í útvarpi og sjónvarpi. Hefur unnið á blöðum, ritstýrt tímariti og starfað við almannatengsl og verið framkvæmdastjóri Píeta samtakanna á Íslandi. Sirrý hefur skrifað 9 bækur fyrir börn og fullorðna og er reynslubolti í fyrirlestrarhaldi.

## Netöryggismál - hvernig samfélagið er öflugasta varnarlínan

Fjallað verður um það hvernig samfélagið er öflugasta varnarlínan þegar kemur að netöryggismálum fremur en að treyst sé á fáar sérhæfðar varnarlínur eða lausnir enda byggir framtíð netöryggis á virkjun samfélagsins þar sem það tekur sjálft þátt í að verja sig.

### **Umsjón:** Theódór Ragnar Gíslason



Theódór Ragnar Gíslason (Teddi) er frumkvöðull í netöryggi á Íslandi og stofnandi Defend Iceland og áður Syndis og Adversary. Í dag starfar Teddi sem framkvæmdastjóri Defend Iceland þar sem hann virkjar heiðarlega hakkara til þess að verja Ísland.